

Starfsreglur

Fagfélag sálfræðinga í heilsugæslu (FSH)

1. gr. Heiti

Fagfélag sálfræðinga í heilsugæslu, skammstafað FSH, er undirfélag Sálfræðingafélags Íslands (SÍ), sbr. 15. gr. laga félagsins. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Hlutverk

Hlutverk og markmið fagfélagsins:

- Standa vörð um samræmd og gagnreynd fyrirmyndarvinnubrögð (best practise) sem byggjast á klínískum leiðbeiningum hjá sálfræðingum sem starfa í heilsugæslu
- Efla samstarf og samvinnu sálfræðinga sem starfa í heilsugæslu á landsvísu.
- Standa að umræðu og fræðslu um störf sálfræðinga í heilsugæslu
- Standa vörð um hagsmuni sálfræðinga sem starfa í heilsugæslu
- Standa að fræðslu og umræðu um geðheilbrigðismál og forvarnir

3. gr. Aðild

Aðild að félaginu er fyrir þá sem starfa sem sálfræðingar í heilsugæslu.

Allir félagar í FSH skulu vera félagar í SÍ.

Umsóknir um aðild eru metnar af stjórn FSH.

4. gr. Aðalfundur

Aðalfundur skal halda árlega í tengslum við haustþing FSH í september eða október.

Til hans skal boða með tilkynningu í tölvupósti til allra félagsmanna minnst 14 dögum fyrir fundinn.

Kosningarétt hafa þeir sem hafa aðild að félaginu, samanber 3.gr.

5. gr. Reikningsyfirlit

Ekki er gert ráð fyrir félagsgjöldum eða sérstökum eignum. Afli FSH tekna með námskeiða- eða ráðstefnuhaldi, útgáfustarfsemi eða á annan hátt, þá hefur stjórn félagsins ráðstöfunarrétt yfir þeim fjármunum. Grein skal gerð fyrir fjárhagsstöðu félagsins og lagðir fram reikningar á aðalfundi fagfélagsins.

6. gr. Auka aðalfundur

Félagar geta kallað eftir aukaaðalfundi með skriflegri beiðni til stjórnar fagfélagsins. Slík beiðni þarf að vera studd undirskriftum að minnsta kosti 2/3 hlutum atkvæðisbærra meðlima FSH. Berist lögleg beiðni um aukaaðalfund skal stjórn boða til fundarins eins fljótt og auðið er og í síðasta lagi 14 dögum frá móttöku beiðni. Boða skal til fundarins sem um aðalfund væri að ræða, sbr. 4. gr. Í fundarboði skal koma fram ástæða fundarins ásamt dagskrá fundarins. Önnur mál en þau sem skráð eru í dagskrána verða ekki tekin fyrir á fundinum.

Ef auka aðalfundur þarf að kjósa um niðurstöður fundarins skal það gert á fundinum sjálfum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður.

7. gr. Stjórn

Stjórn FSH skal skipuð 5 stjórnarmönnum: formanni, ritara og gjaldkera og tveimur varamönnum. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár. Formaðurinn skal kjörinn sérstaklega til 2ja ára í senn og skal ekki sitja lengur en sex ár samfleytt í embætti. Formaðurinn er að jafnaði fulltrúi FSH í alþjóðasamstarfi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum að öðru leyti. Auk venjulegra stjórnarstarfa er stjórn fagfélagsins falið að uppfylla hlutverk og tilgang félagsins. Stjórnin starfar í samstarfi við stjórnendur í sálfræðipjónustu í heilsugæslu og Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu.

Stjórnin boðar til félagsfunda þegar þörf krefur, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

8. gr. Reglubreytingar

Reglum félagsins má aðeins breyta með atkvæðum 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna á lögmætum aðalfundi. Tillögur um reglubreytingar skulu kynntar sérstaklega í aðalfundarboði.

Heimilt er að bera upp breytingartillögur við tillögur að reglubreytingum á aðalfundi. Komi fram breytingartillaga við tillögu að reglubreytingum skal kjósa um breytingartillöguna áður en tillaga að reglubreytingum er borin undir atkvæði. Um breytingartillögur við tillögur að reglubreytingum gildir að einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nægir.

Samþykkt á stofnfundi 30.3.2022. Starfsreglur samþykktar af stjórn SÍ þann 5.4.2022.